

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2017, þriðjudaginn 31. janúar var haldinn 357. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi, 3. hæð Arnarholti og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi og Pétur Óskarsson Hafnarfirði. Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ boðaði forföll. Jafnframt sátu fudninn Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Kópavogsbæjar dags. 15. des. sl. þar sem fram kemur að fulltrúi Kópavogs í samstarfsnefndinni verði áfram Anný Berglind Thorstensen og Ármann Kr. Ólafsson til vara.
2. Lagt fram bréf innri endurskoðunar, dags. 26. janúar sl., varðandi úttekt á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.
3. Fram fer umræða um snjóflóð og hættu sem getur skapast af þeim í Bláfjöllum og áætlun um eftirlit, viðbúnað og aðgerðir vegna snjóflóðahættu.

Samstarfsnefnd skíðasvæðana leggur fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna hvetur Veðurstofuna til að flýta gerð snjóflóðaáættumats.

4. Fram fer umræða um stöðuna í fjöllum þar sem lyfturnar Kóngurinn og Drottningin biluðu báðar á laugardaginn og Stefnt er á opnun í Skálafelli um næstu helgi.

Fundi slitið kl. 10.00.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Magnús Örn Guðmundsson

Pétur Óskarsson
Anný Berglind Thorstensen